

Mat á tillögum

Tillaga 1067310



Húsið er staðsteypt, þak með holplötum og staðsteypt. Einangrað og klætt að utan með málmklæðningu og lerki.

Tillagan hefur látlaust yfirbragð. Aðkoma notenda að byggingu lítt sýnileg og umferðaleiðir langar innahús.

Tillagan uppfyllir kröfur alútboðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er, birta úr háum gluggum á gangi, tveggja eininga fyrirkomulag, tvær deildir deila fataherbergi, góð þurrkaðstaða, mögulegt að tvískipta sal, gluggar á öllum leikrymum og vaskur í sal, gott þegar hann er nýttur sem matsalur.

Það sem talið er vera neikvætt við tillöguna er langur, þröngur gangur og löng leið frá bílastæðum að inngöngum barna. Staðsteypt hús kann að kalla á lengri verktíma.

Einkunn: 1,148

Tillaga 1304605



Húsið er byggt úr timbureiningum frá Modulus í Eistlandi, klætt að utan með standandi timburklæðningu.

Tillagan er stílhrein og aðkomuleiðir greinilegar, skyggni við leiksvæði býður upp á möguleika í leik auk þess kasta skugga á stóra gluggafleti. Litaval einhæft.

Tillagan uppfyllir kröfur alútbóðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er, þrískipting húsnæðis í tveggja deilda einingar. Gangar aflokaðir með hurðum. Gott þurrkrými og góð aðkoma að öllum deildum frá bílastæðum. Góð yfirsýn á lóð og mögulega skjól.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er, langur mjór gangur. Ef gert er ráð fyrir opnum sal verður mikil truflun frá umgangi eftir gangi. Listasmiðja er inn af sal og langt á milli þvottahúss og eldhúss. Fundarherbergi er ílangt með hurð í annan enda og glugga í hinn, erfitt að koma fyrir skjá eða sýningartjaldi. Gluggalaus rými eru á þremur deildum.

Einkunn: 1,138

Tillaga 2352811



Húsið er staðsteypt, einangrað og klætt að utan með áklæðningu.

Tillagan hefur fágað yfirbragð. Uppbrot í byggingu gerið það að verkum að hún virkar minni og Inndráttur byggingarinnar við leiksvæði getur gefið gott skjól. Lítið við bygginguna sem gefur til kynna að hún sé ætluð börnum.

Tillagan uppfyllir kröfur alútboðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er að gengið er inn að framan, stutt frá bílastæðum. Frábær aðstaða fyrir útifatnað starfsfólks, stjórnendaálma og starfsmannaálma í miðju húsi.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er, miðja salar er gangleið um skólann. Heimasvæði er tvískipt. Listasmiðja er ekki í sér rými, en gert er ráð fyrir henni á gangi. Langt er frá forstofum inn á deildir og ekki er gengið beint úr fataklefum út í garð. Engin geymsla/forðabúr er í eldhúsi. Fundarherbergi er mjótt og ekki er aðstaða fyrir skjá eða tjald. Ræsting staðsett inn á starfsmannagangi þar sem skrifstofur, kaffistofa og vinnuaðstaða starfsmanna er. Gengið er í gegnum vinnuherbergi starfsmanna eða kaffistofu til að komast inn í skólann um starfsmannainngang. Staðsteypt hús kann að kalla á lengri verktíma.

Einkunn: 1,124

Tillaga 2887324



Húsið er byggt úr timbri, klætt að utan með standandi timburklæðningu.

Tillagan hefur fjörlegt yfirbragð með uppbroti sínu í hæð og plani. Galli að aðkoma að byggingu sé inni á leiksvæði sem skapar óþarfa hættu um leið og gönguleiðir verða langar.

Tillagan uppfyllir kröfur alútbóðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er, góðir fataklefar með þurrherbergi, salerni og skolaðstöðu. Fatahengi starfsfólks er við deildir. Deildir eru bjartar og rúmgóðar og vinnusvæði starfsfólks er á milli deilda. Geymslur eru á hverri deild sem hægt er að samnýta fyrir tvær deildir. Gert er ráð fyrir barnavögnum. Listastofa er í sitthvorum enda hússins. Útgengi á palla af hverri deild.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er, langur mjór gangur, langt frá bílastæðum að einni eða tveimur deildum, erfið yfirsýn á útisvæði, skot við innganga.

Einkunn: 1,167

Tillaga 7171717



Húsið er byggt úr forsteyptum samlokueiningum og þak með holplötum. Ytri hluti samlokueggja er veðurkápa.

Tillagan hefur látlaust yfirbragð og skemmtilegt uppbrót þar sem fimm einingar tengjast með miðju svæði. Galli að aðkoma deilda sé í gegnum garðrými sem skapar óþarfa hættu um leið og gönguleiðir verða langar. Hætta á að miðju svæði byggingarinnar gæti orðið of fjörugt þar sem allur leikskólinn deilir því.

Tillagan uppfyllir kröfur alútboðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er rúmgott og einfalt skipulag deilda, gluggar á öllum leikrymum deilda, tveggja eininga fyrirkomulag. Vinnuherbergi inni á deildum og hægt að opna á milli deilda. Það gefur möguleika á samstarfi og flæði. Mjög góð þurrkaðstaða og opið er úr eldhúsi í sal. Eldhúsið er vel skipulagt með salerni innaf. Mosagarður bjartur og fallegur og stjórnenda- og starfsmannaaðstaða á sama svæði og gott aðgengi gesta að stjórnunarálmu.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er löng vegalengd að inngöngum. Mikið opið rými innanhúss. Þrjár deildir deila einum fataklefa. Langt að fara að starfsmannasalerni. Fundarherbergi er ílangt með hurð í annan enda og glugga í hinn. Erfitt að koma fyrir skjá eða sýningartjaldi. Inngangur í vinnustofu starfsmanna ert innaf kaffistofu.

Einkunn: 1,165

Tillaga 777777



Húsið er byggt úr timbri, klætt að utan með standandi timburklæðningu og báruklæðningu að hluta.

Tillagan skiptist í þrjú hús, sem hýsa tvær deildir hvert og tengjast saman með annarri byggingu, þakform er uppbrotið og þetta gefur þetta byggingunni fjölbreytt útlit. Aðkoma deilda mætti vera augljósari. Langt í fatklefa fyrir sum börn af leiksvæði.

Tillagan uppfyllir kröfur alútbóðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er stutt á milli eldhúss og þvottahúss, gert ráð fyrir útifatnaði starfsfólks, milliherbergi, vinnustofa starfsfólks – möguleikar á samvinnu og flæði milli deilda, felliborð í fatklefa, litlir ræstiskápar á tveimur stöðum utan þvottahúss og ræstingaherbergis, afmörkuð starfsmannaálma með inngangi, inngangar nálægt bílastæðum, sameiginleg geymsla milli deilda.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er langur gangur, fatahólf á göngum skólans. Fataherbergi langt frá útihurðum að leiksvæði. Gengið er inn í eldhús um fjölnotasal sem staðsettur er í enda hússins.

Einkunn: 1,130

Tillaga R232323



Húsið er byggt úr Modula timbureiningum, klætt að utan með standandi timburklæðningu.

Tillagan skiptist í þrjú hús sem tengjast fyrir miðju. Fjölbreyttur þakhalli gefur byggingunni ákveðinn léttleika. Langar umferðaleiðir innanhús með hurðum sem opnast út í gangrýmið skapa hættu. Tillöguna hefur góða punkta en hefði þurft meiri vinnu.

Tillagan uppfyllir kröfur alútboðsgagna, grein 1.3 Hönnunarforsendur og hönnunarkröfur og einnig grein 1.4 Kröfur til byggingarhluta.

Það sem talið er jákvætt við tillöguna er eldhús og þvottur liggja saman, rúmgóð salerni á deildum.

Það sem talið er neikvætt við tillöguna er mikil fjarlægð frá fataklefum barna að útihurðum, ekki gert ráð fyrir þurrkerbergi. Aðeins tveir aðalútgangar á útileiksvæði.

Einkunn: 1,125

Yfirlit yfir mat tillagna:

Tillaga	1 - Fellur vel að umhverfi sínu	2 - Rekstrarlegt hæfi, innra og ytra fyrirkomulag	3 - Tæknilegar lausnir, efnisval	4 - Meðaleinkunn
Vægi	10%	60%	30%	
1067310	1,000	1,150	1,194	1,148
1304605	1,200	1,117	1,158	1,138
2352811	1,180	1,083	1,187	1,124
2887324	1,070	1,173	1,187	1,167
7171717	1,080	1,167	1,189	1,165
7777777	1,100	1,117	1,165	1,130
R232323	1,100	1,100	1,184	1,125

Eftir að matseinkunnir voru sendar út til bjóðenda, voru tilboð opnuð og er niðurstaða sem hér segir.

Tillaga	Bjóðandi	Tilboðsverð	Mats-einkunn	Reiknað tilboðsverð	Röð
1304605	Þarfaping hf.	877.544.044	1,138	771.128.334	1
R232323	Rönd House ehf. EEV framkvæmd og ráðgjöf ehf.	907.625.059	1,125	806.777.830	2
2352811	Asista verktakar ehf.	967.717.550	1,124	861.071.570	3
1067310	Eykt ehf.	1.030.728.228	1,148	897.846.889	4
7777777	Fortis ehf.	1.106.815.686	1,130	979.482.908	5
7171717	Ístak hf.	1.228.655.283	1,165	1.054.639.728	6
2887324	Hrafshóll ehf.	1.295.000.000	1,167	1.109.682.948	7
	Kostnaðarviðmið verkkaupa	984.000.000			

Eins og hér kemur fram er tilboð Þarfapings hf., hagstæðast, kr. 877.544.044,-

Hafnarfirði 9. janúar 2024

f.h. verkkaupa,

Stefán B. Veturliðason verkfr.